



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Styrktar- og samstarfssamningur milli Ungmennafélagsins Geislans og Strandabyggðar

Sveitarfélagið Strandabyggð, kt. 570806-0410, og Ungmennafélagið Geislinn, kt. 560591-1529, gera með sér eftirfarandi styrktar- og samstarfssamning.

1. gr.

Markmið og tilgangur

Markmið þessa samnings er að skilgreina og efla tengsl og samskipti milli sveitarfélagsins Strandabyggðar og Ungmennafélagsins Geislans á Hólmavík. Samningnum er ætlað að styðja við æskulýðs- og íþróttastarf sem fram fer á vegum Umf. Geislans, íbúum sveitarfélagsins til heilla. Með samningnum viðurkennir Strandabyggð hið mikilvæga hlutverk sem Umf. Geislinn gegnir gagnvart íbúum sveitarfélagsins.

Umf. Geislinn skal vinna að hefðbundnu hlutverki ungmennafélags, ræktun lýðs og lands. Það tryggi öllum jöfn tækifæri til að stunda íþróttir við hæfi, hafa aðgang að upplýsingum og aðstöðu á vegum félagsins.

2. gr.

Afnot af íþróttamannvirkjum

Sveitarfélagið Strandabyggð veitir Umf. Geislanum afnot af þremur íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins; Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík, sparkvelli við grunnskólann og íþróttavelli í Skeljavík. Einnig veitir sveitarfélagið afnot af geymsluherbergi á lofti í félagsheimili og aðstöðu til fundarhalda. Leiga vegna afnota Umf. Geislans af þessum mannvirkjum er færð í bókhaldi Strandabyggðar sem óbeinn styrkur til félagsins. Upphæð leigunnar tekur mið af gildandi gjaldskrár hverju sinni.

a) Íþróttamiðstöðin á Hólmavík

Umf. Geislinn fær styrk frá Strandabyggð vegna húsaleigukostnaðar vegna íþróttæfinga félagsins sem fram fara í Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík yfir veturinn. Tímasetningar æfinga skulu ákveðnar í samráði við forstöðumann Íþróttamiðstöðvarinnar og ætlaðar ungmennum að 18 ára aldri. Um er að ræða allt að 10 tímar vikulega. Einnig er innifalið í samningi æfingahelgar allt að tvisvar að hausti og tvisvar að vori. Sveitarfélagið bera kostnað af aukaopnum þessar æfingahelgar svo femi að ekki sé hægt að vera innan opnunartímans. Notkun félagsins á Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík er gerð upp ársfjórðungslega miðað við stundatöflu æfinga og færð sem styrkur á Umf. Geislann.

b) Sparkvöllur við grunnskóla

Umf. Geislinn hefur heimild til að nota sparkvöll við Grunnskólann á Hólmavík eftir að skóla lýkur á daginn og í lengri fríum skólans, t.d. yfir jól, páska og sumar.

c) Íþróttavöllur í Skeljavík

Umf. Geislinn hefur heimild til afnota af íþróttavelli í Skeljavík. Gæta skal þess að æfingar að vori hefjist ekki fyrr en völlurinn er tilbúinn og að fullu kominn undan vetri. Þetta athugist í samráði við umsjónaraðila vallarins hverju sinni.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURITREGI

3. gr.

Árlegt fjárframlag

Árlegt rekstrarframlag Strandabyggðar til Umf. Geislans eru **kr. 250.000.-** Um er að ræða almennt rekstrarframlag til starfseminnar gegn þeim skuldbindingum er fram koma í 4b. grein samnings þessa. Umf. Geislinn ráðstafar framlaginu að vild. Greiðsla styrksins fer fram þegar ársreikningur og ársskýrsla hefur verið skilað til skrifstofu sveitarfélagsins.

4. gr.

Skuldbindingar vegna fjárframlags

a) Íþróttæfingar

Umf. Geislinn skuldbindur sig til að halda úti æfingum fyrir börn á grunnskólaaldri allt árið um kring (með eðlilegum hléum vegna frítíma þjálfara). Leitast skal við að hafa æfingar með fjölbreyttri flóru íþróttagreina sem nái til sem flestra iðkenda.

Fyrir hvert æfingatímabil (sumar og vetur) skal skila æfingatöflu á tölvutæku formi til íþrótt- og tómstunda-fulltrúa Strandabyggðar. Æfingatöflur séu hafðar sýnilegar á sem flestum stöðum í Strandabyggð og þær kynntar með dreifibréfi, veggspjöldum og á netinu. Taka skal fram á æfingadagskrá og hverjir eru ábyrgðaraðilar eða þjálfarar.

b) Skemmtidagskrá á Þjóðhátíðardegi

Umf. Geislinn tekur að sér að skipuleggja, stjórna og annast framkvæmd þjóðhátíðardagskrár á 17. júní fyrir íbúa Strandabyggðar. Félagið sér einnig um að markaðssetja og auglýsa hátíðina sem víðast. Félagið er hvatt til að leita samráðs og samvinnu um verkefnið hjá frjálsum félögum á sviði tómstunda, lista- og menningar.

Samkomulag er á milli samningsaðila um að þjóðhátíðardagurinn sé fjölskylduhátíð með fjölbreytta dagskrá sem hentar öllum aldurshópum. Unnt er að hafa samráð við íþrótt- og tómstundafulltrúa Strandabyggðar um hugmyndavinnu að dagskrá hátíðahaldanna.

Strandabyggð býður Umf. Geislanum upp á ókeypis afnot af Félagsheimilinu á Hólmavík í tengslum við hátíðahöldin. Notkun skal skipulögð af stjórn félagsins í samráði við umsjónarmann félagsheimils. Leiga vegna afnota Umf. Geislans er færð í bókhald Strandabyggðar sem óbeinn styrkur til félagsins.

c) Ársreikningur

Aðalstjórn Umf. Geislans skuldbindur sig til að skila ársuppgjöri og starfsskýrslu félagsins til skrifstofu Strandabyggðar á hverju ári samningstímans, svo fljótt sem kostur er. Umf. Geislinn heimilar með samingi þessum birtingu ársskýrslu á vef sveitarfélagsins.

d) Umgengni

Umf. Geislinn skal ganga eins vel um íþróttamannvirkin og kostur er og farið eftir reglum sem gilda í íþróttússins hverju sinni. Ef þörf er á viðhaldi skal félagið gera starfsmönnum Strandabyggðar viðvart (forstöðumanni íþróttamiðstöðvar, skrifstofu eða áhaldahúsi).

Félagið skal vera meðvitað um öryggiskröfur við mannvirkin hverju sinni og fylgja þeim eftir. Félagið banni ætíð vörslu og neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna á æfingum, mótum eða öðrum samkomum á vegum þess.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURITREGI

5. gr.

Slysatrygging ungmenna

Sveitarfélagið Strandabyggð slysatryggir börn og ungmenni 18 ára og yngri við skipulagðar æfingar og keppni innanlands með sömu tryggingarskilmálum og börn og ungmenni í grunnskólum. Ábyrgðarmenn innan Umf. Geislans sjá um útfylla allar nauðsynlegar skýrslur tengdar slysum í starfsemi félagsins og koma þeim til sveitarfélagsins.

6. gr.

Vanefndir samnings

Víki Umf. Geislinn í verulegum atriðum frá þeim markmiðum sem fram koma í 1. og 4. grein samningsins, er Strandabyggð heimilt að taka framlag sitt til félagsins til endurskoðunar, að undangenginni skriflegri aðvörun til stjórnar Umf. Geislans.

Báðir samningsaðilar geta krafist riftunar á samningi þessum. Tilkynning um riftun skal vera skrifleg og fellur samningurinn úr gildi þremur mánuðum eftir að slík krafa hefur borist riftunarþola. Frá og með þeim tíma falla úr gildi allar skyldur og réttindi samningsaðila.

7. gr.

Gildistími og endurskoðun

Samningur þessi gildir frá og með 1. september 2024 til 31. maí 2026. Samningsaðilar geta lagt fram beiðni um endurskoðun samningsins með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara. Þetta á við ef upp koma hugmyndir um nýjungar, ný verkefni eða ef forsendur breytast verulega. Beiðni um endurskoðun verður að koma á framfæri áður en árleg vinna við fjárhagsáætlun hefst, eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Ágreiningur og málarekstur

Komi til ágreinings varðandi skilning á samningi þessum getur hvor aðili um sig skotið slíkum ágreiningi til úrskurðar gerðardóms, sem þannig sé skipaður: Hvor aðili um sig tilnefnir einn mann í dóminn auk oddamanns sem valinn er með samþykki beggja samningsaðila.

Komi til málshöfðunar út af samningi þessum skal sækja málið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er undirritaður að fenginni staðfestingu sveitarstjórnar Strandabyggðar og stjórnar Ungmennafélagsins Geislans.

Hólmavík 5.12.2024

F.h. Strandabyggðar:

F.h. Ungmennafélagsins Geislans: